

EFTIRLITSSKÝRSLA

Eskja hf. Eskifirði Eskifjörður



Dags eftirlits	6.11.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Eskja hf. Eskifirði	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Strandgötu 2 / Marbakka	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6301694299	Flokkur	Fiskimjölverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Haukur L Jónsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	734232,988 517289,471

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Óhreinsuðum grút var veitt til sjávar þann 23. maí sl. 2) Grænu bókhaldi var skilað þann 5. júní sem er eftir að frestur til þess rann út. 3) Útstreymisbókhaldi var skilað þann 12. júlí sl. sem er eftir að frestur til þess rann út. 4) Mælingar á frárennsli verksmiðjunnar, voru ekki gerðar í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Fjórar ábendingar voru gerðar: 1) Gæta þarf að því að réttar og uppfærðar upplýsingar komi fram í grænu bókhaldi. 2) Æskilegt er að upplýsingar um losun CO₂ komi fram í útstreymisbókhaldi. 3) Öryggisblöð skulu tiltæk þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð. 4) Ganga þarf úr skugga um að þró sem lýsistankar standa í, uppfylli þær kröfur sem eru gerðar til hennar. Fimm eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram: 1) Endurnýja þarf rör til inndælingar á sjó. 2) Heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli verksmiðjunnar er ekki lokið. 3) Umhverfismarkmið hafa ekki verið endurskoðuð. 4) Hreinsunarkar hefur ekki verið tengt við frárennsli verksmiðjunnar. 5) Mælingar á frárennsli voru ekki gerðar í samræmi við úrbótaáætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti þann 16. mars 2022.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölverksmiðju Eskju á Eskifirði.

Fiskimjölverksmiðja Eskju er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 2. september 2015 og gildir til 1. september 2031.

Rekstraraðila er heimilt að framleiða úr allt að 1000 tonnum af hráefni á sólarhring.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynningar á fylgiskjölum
5. Önnur mál
6. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti:

A) Þegar eftirlitið fór fram voru fimm frávik opin:

- a. „Endurnýja þarf rör til inndælingar á sjó.“ Búið er að endurnýja bæði rör og dælur og er frávikinu því lokað.
- b. „Heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli verksmiðjunnar er ekki lokið. Samkvæmt úrbótaáætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti þann 27. janúar 2023, voru ráðgerðar frárennismælingar árið 2023 á þeim vertíðum sem enn á eftir að mæla á. Enn á eftir að mæla á makríl- og síldarvertíðum.
- c. „Umhverfismarkmið fyrirtækisins skulu endurskoðuð á fjögurra ára fresti.“ Samkvæmt bréfi Umhverfisstofnunar dags. 27. janúar 2023, fór stofnunin fram á að umhverfismarkmið yrðu sett fyrir fiskimjölverksmiðju Eskju og að þau bærust stofnuninni eigi síðar en 30. júní sl. Umhverfismarkmið hafa enn ekki borist.
- d. „Úrbætur hafa ekki verið gerðar á búnaði í kjölfar þess að COD mældist of hátt í frárennsli.“ Samkvæmt úrbótaáætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti þann 27. janúar 2023 voru verklok við að tengja hreinsunarkar við frárennsli verksmiðjunnar áætluð þann 31. maí sl. Ekki er enn búið að tengja hreinsunarkarið en vinnan er langt komin.
- e. Í úrbótaáætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti þann 16. mars 2022 var tilgreint að mælingar á frárennsli yrðu gerðar á makrílvertíð 2022. Þær mælingar voru ekki gerðar. Ekki er enn búið að mæla á makrílvertíð.

B) Engar ábendingar voru óafgreiddar þegar eftirlitið fór fram.

C) Þrjár kvartanir og ábendingar hafa borist Umhverfisstofnun um grútarmengun á Eskifirði. Vegna mistaka hjá starfsmönnum rekstraraðila fór botnfall úr lýsistönkum sem hafði verið dælt yfir á geymslutank, í sjóinn þann 23. maí sl. Þá stóð yfir hreinsun á fitugildru og hún var því ekki virk. Skráð er frávik frá þeirri grein starfsleyfisins sem tilgreinir að meðhöndla skuli allt frárennsli í hreinsibúnaði áður en því er veitt til sjávar. Í byrjun júlí bærust tvær ábendingar

með skömmu millibili. Þá kom í ljós að lagnir höfðu ekki verið hreinsaðar nægilega vel og var þá um að ræða leifar af því sem fór í sjóinn í maí.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi

A) Grænu bókhaldi var skilað þann 5. júní. sl. sem er eftir að frestur til þess rann út og er það því frávik frá starfsleyfi.

a. Farið var yfir nokkur atriði sem þarf að uppfæra í græna bókhaldinu.

B) Útstreymisbókhaldi var skilað þann 12. júlí sl. sem er eftir að frestur til þess rann út og er það því frávik frá starfsleyfi.

a. Engar upplýsingar eru um losun CO₂ í útstreymisbókhaldi og er rekstraraðila bent á að æskilegt er að þar komi fram upplýsingar um öll helstu mengunarefni.

C) Rekstraraðili skal, skv. starfsleyfi, senda eftirlitsaðila niðurstöður TVN mælinga eftir hverja vertíð. Niðurstöður mælingar til og með maí 2023 höfðu borist eftirlitsaðila fyrir eftirlitið og er þ.a.l. ekki ástæða til að gera athugasemdir við skilin.

D) Mælingum á frárennsli skal skila með grænu bókhaldi, þ.e. fyrir 1. maí ár hvert. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru á loðnuvertíð í febrúar 2022 fylgdu með grænu bókhaldi fyrir árið 2022 en síðan þá hafa engar mælingar verið gerðar á frárennsli, og er það frávik frá starfsleyfi.

E) Tryggingaskírteini vegna bráðamengunar var aðgengilegt fyrir eftirlitsaðila þegar eftirlitið fór fram.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Áhættumatið var uppfært miðað við núverandi stöðu.

4. Kynningar á fylgiskjölum

Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, kynning á nýrri gjaldskrá UST og kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits, sem fylgdu fundarboðinu, voru ræddar.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

6. Skoðunarferð

Engin vinnsla var í gangi þegar eftirlitið fór fram. Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Rekstraraðila er bent á að öryggisblöð skulu vera tiltæk þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð og ekki nægilegt að hafa þau einungis á einum stað. Auk þess er rekstraraðila bent á að tryggja að þró sem lýsisgeymar standa í uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 9.gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 2.16 í starfsleyfi

Óhreinsuðum grút var veitt til sjávar þann 23. maí 2023.

gr. 3.3 í starfsleyfi

Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var ekki skilað á tilskildum tíma.

gr. 3.3 í starfsleyfi

Útstreymisbókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma.

gr. 3.2 í starfsleyfi

Mælingar á frárennsli verksmiðjunnar voru ekki gerðar í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

ÁBENDINGAR


Fjórar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Gæta þarf að því að réttar og uppfærðar upplýsingar komi fram í grænu bókhaldi, t.d. hvað varðar kröfur í starfsleyfi.
- 2) Æskilegt er að upplýsingar um losun CO₂ komi fram í útstreymisbókhaldi þó að hún sé undir viðmiðunargildi.
- 3) Öryggisblöð skulu tiltæk alls staðar þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð.
- 4) Ganga þarf úr skugga um að þró sem lýsistankar standa í, uppfylli þær kröfur sem eru gerðar til hennar í 9.gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 27.11.2023



Freyr Evarsson

